

**Íslenskt samfélag hefur á undanförunum árum breyst frá því að vera tiltölulega einsleitt yfir í það fjölmennings-samfélag sem við þekkjum í dag. Það sama á við í öllu skóla- og frístundastarfi borgarinnar þar sem fjölbreyttir einstaklingar vinna og stunda nám. Það má því segja að í raun „sé heimurinn hér“.**

Í stefnu Reykjavíkur um fjölmenningslegt skóla- og frístundastarf er lögð áhersla á þrjár meginstoðir;

- fjölbreytta kennslu- og starfshætti,
- íslensku sem annað mál,
- virkt tvítyngi og foreldrasamstarf

## Fjölbreyttir kennslu- og starfshættir

Komið er til móts við þarfir allra barna með því að þróa fjölbreytta kennslu- og starfshætti. Lögð er áhersla á að börn og ungmenni eigi í gefandi og uppbyggilegum samskiptum þar sem þau fá tækifæri til að standa jafnfætis öðrum með virðingu að leiðarljósi, um leið og þau læra hvert af öðru. Skilaboðin eiga að vera skýr; allir eru velkomnir og þess verðir að tilheyra hópnum!

Huga þarf að því hvaða efniviður og kennslugögn eru í boði, hvernig stuðlað er að uppbyggingu nýrrar þekkingar í barnahópnum, hvernig tekið er á fordómum og einelti og hvernig vinna megi að jafnrétti og virkri þátttöku allra.

Samvinnunámsaðferðir henta vel til að veita börnum aðgang að lærdómsferlinu og tryggja hámarksvirki allra.

„Fólk er eins og snjallsímar. Þeir eru ólíkir og með allskonar möguleika. Það er ekki útlitið eða liturinn sem skiptir aðal máli heldur hugbúnaðurinn.“

Jón Gnarr,  
fyrirverandi borgarstjóri í Reykjavík

Menningarmót [www.menningarmot.is](http://www.menningarmot.is) er verkefni sem miðar að því að styrkleikar, áhugamál og menning allra barna fái að njóta sín.

## Íslenska sem annað mál og virkt tvítyngi

Stefnt er að því að öll börn nái árangri í íslensku, enda er sú hæfni meginforsenda lýðræðislegrar þátttöku og jafnréttis í íslensku samfélagi.

Mikilvægt er að byggja á styrkleika barna í öllu starfi, hvort heldur í námi eða frístundastarfi. Góð staða í tungumáli, bæði móðurmáli og íslensku, hefur áhrif á sjálfsmynd barna, námsárangur og fjölskyldutengsl.

Miklu máli skiptir að nýta öll tækifæri sem gefast í skóla- og frístundastarfi til þess að vinna með íslensku sem annað mál. Það getur tekið 1-2 ár að ná tökum á félagslegu máli til daglegra samskipta en allt að 6-7 ár að ná upp skólaorðaforða. Færni í íslensku ræðst af

mörgum þáttum, m.a. af því hversu langan tíma á hverjum degi börn eru í íslensku málumhverfi. Þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu frístundastarfi er því mikilvæg en þar geta þau verið í samskiptum sem byggjast á áhugasviði hvers og eins.

Í samstarfi við foreldra er mikilvægt að stuðla að betri móðurmálskunnáttu allra barna og byggja upp þekkingu starfsfólks á gildi þess. Leita skal leiða til að brúa bilið á milli móðurmáls og íslensku hjá þeim börnum sem hefja leikskóla- eða grunnskólagöngu og tala ekki íslensku. Þetta má gera í samstarfi við starfsfólk, önnur börn eða fullorðna sem tala móðurmál barnanna og geta verið til aðstoðar.

„Fjölbreyttir kennsluhættir eru drifkrafturinn í öllu skólastarfi.“

Valgerður Eiríksdóttir,  
kennari í 30 ár í Fellaskóla

Viðhorf og virðing annarra fyrir ólíkum tungumálum hefur áhrif á hvernig börn meta móðurmál sitt. Í fjölmenningsstefnunni eru ábendingar um leiðir til að vinna með móðurmál barna, s.s. með því að útbúa veggspjöld þar sem allir eru boðnir velkomnir á hinum ýmsu tungumálum, nota tvítyngisorðabækur og þýðingarforrit.

## Foreldrasamstarf

Starfsfólk leggi sig fram um að kynnast hverju barni og fjölskyldu þess svo

byggja megi nám og frístundastarf barnsins á reynslu þess og þekkingu. Starfsfólk hefur frumkvæði að samstarfi við foreldra með lausnir og sveigjanleika að leiðarljósi svo að ólík sýn, menning og reynsla hindri ekki samstarf.

Þegar foreldrar, starfsfólk, kennarar og stjórnendur í skóla og frístundastarfi tala ekki sama tungumál er mikilvægt að tryggja samskipti með þeim hætti að foreldrar verði raunverulegir umboðsmenn barna sinna. Með því að nýta þjónustu túlka, tvítyngda starfsmenn eða aðrar bjargar er hægt að byggja upp samskipti með gagnkvæmu trausti. Mikilvægt er að allir í skóla- og frístundastarfi séu meðvitaðir um að börn eiga ekki að túlka fyrir foreldra sína.



**Í þessum bæklingi eru dregin fram nokkur aðalatriði í stefnu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmenningslegt starf, en stefnuna í heild má finna á**

[www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is)

Verkefnið Vinafjölskyldur hefur reynst vel við að byggja upp tengslanet og auðvelda fyrstu skrefin í nýjum skóla. Til að auðvelda samskipti foreldra og skóla er gagnlegt að gera samning um samskipti.

- Vilja foreldrar túlk og er það einhver ákveðinn túlkur sem þeir vilja?
- Nota foreldrar tölvupóst og er hægt að nota Google translate eða annað til að þýða?
- Lesa foreldrar íslensku? Ensku?
- Eru einhverjir á heimilinu, í fjölskyldunni, vinir eða nágrannar sem geta hjálpað til?



„Fjöltyngi er fjársjóður.“

*Sabine Leskopf,  
þýðandi og túlkur*

- Eru aðrir foreldrar í skólanum sem geta aðstoðað við samskipti?
- Eru foreldrarnir tilbúnir til að styðja aðra foreldra í samstarfi?
- Getu foreldrar nýtt heimasíðuna til að fá upplýsingar um starfið?
- Vilja foreldrar fá miða með skilaboðum heim með barninu?
- Vita foreldrar um þær upplýsingar sem til eru á fjölbreyttum tungumálum?



### Leiðarljós

Öll börn og ungmenni nái árangri í námi og leik, standi vel að vígi félagslega og verði skapað tækifæri til að vera stolt af bakgrunni sínum og menningu.



## Heimurinn er hér

Stefna Reykjavíkurborgar um fjölmennarleggt skóla- og frístundastarf